



Merkimiðar til að setja ofan á kassana

■ 3 - 6	♀	
■ 7 - 10		
■ 11 - 14		stelpa
■ 15 - 18		girl

■ 3 - 6	♂	
■ 7 - 10		
■ 11 - 14		strákur
■ 15 - 18		boy



Með þínu framlagi tryggir þú að barn, sem annars fengi ekki jólagjöf, fái gjöf sem færir því gleði, von og hinn raunverulega boðskap jólanna, kærleika Jesú Krists



JÓL  
SKÓKASSA



[www.facebook.com/skokassar](http://www.facebook.com/skokassar)  
[www.skokassar.net](http://www.skokassar.net)  
 Verkefni á vegum KFUM & KFUK

## HVAÐ ER JÓL Í SKÓKASSA?

Verkefnið Jól í skókassa felst í því að fá börn jafnt sem fullorðna til að gleðja börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir.

Með slíkum gjöfum er þeim sýndur kærleikur Guðs í verki.

Gjafirnar eru settar í skókassa og til þess að tryggja að öll börnin fái svipaða jólagjöf er mælt til þess að ákveðnir hlutir séu í hverjum kassa.



Hópur ungs fólks innan KFUM & KFUK hefur staðið að verkefninu á Íslandi frá árinu 2004. Á þeim tíma hafa safnast rúmlega 50.000 gjafir sem sendar hafa verið til Úkraínu og dreift af KFUM þar í landi á munaðarleysingjaheimili, á barnspítala og til barna einstæðra mæðra sem búa við sára fátækt. Aðalskipuleggjandi dreifingarinnar í Úkraínu er faðir Evheniy Zhabkovskiy.

### VINATENGLS

Ef þú vilt getur þú sett bréf eða mynd af þér ásamt nafni, heimilisfangi og/eða netfangi efst í skókassann.

Það gefur viðtakanda kassans möguleika á að setja sig í samband við þig. Þannig geta myndast vinatengsl.

## GJAFIR Í SKÓKASSA



Í kassann skal setja amk einn hlut úr hverjum eftirtalinna flokka:

### - Leikföng

T.d. litla bíla, bolta, dúkku, bangsa eða jójó.

A.t.h. að láta auka rafhlöður fylgja rafknúnum leikföngum.

### - Skóladót

T.d. penna, blýjanta, yddara, strokleður, skrifbækur, liti, litabækur eða vasareikni.

### - Hreinlætisvörur

Óskað er eftir því að allir láti sápuþykki, tannbursta og tannkrem í kassann sinn. Einnig má setja greiðu, þvottapoka eða hárskraut.

### - Sælgæti

T.d. sleikjón, súkkulaði, pez, tyggjó eða karamellur.

### - Föt

T.d. húfu, vettlinga, sokka, trefil, bol eða peysu.



## HVAÐ MÁ EKKI FARA Í SKÓKASSANA?

- Mikið notaðir eða illa farnir hlutir
- Matvara
- Stríðsdót, til dæmis leikfangabyssur, hermenn eða hnifar
- Vökvi, til dæmis sjampó, krem eða sápukúllur
- Lyf, vítamín, hálsbrjóstsykur eða smyrsl
- Brothættir hlutir, speglar og postulínsdúkkur
- Spilastokkar þar sem þeir eru tengdir fjárhættuspilum í Úkraínu.

## HVERT Á AÐ SKILA SKÓKASSANUM?

Tekið er á móti skókössum í húsi KFUM & KFUK við Holtaveg 28 alla virka daga milli kl. 9 og 17. Síðasti móttökudagur verkefnisins er laugardaginn 12. nóvember milli kl 11 og 16.

Þeim sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins er bent á að skókassar þurfa að berast til Reykjavíkur fyrir 5. nóvember.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni [www.skokassar.net](http://www.skokassar.net) eða í síma 588 8899



## FRÁGANGUR SKÓKASSA

1. Finnið tóman skókassa og pakkið honum í jólapappír. Athugið að pakka lokinu sérstaklega inn þannig að hægt sé að opna kassann. Hægt er að nálgast skókassa í skóbúðum og er mælt með að fólk tryggi sér kassa í tæka tíð.
2. Ákveðið hvort gjöfin sé ætluð strákr eða stelpu og fyrir hvaða aldur: 3-6, 7-10, 11-14 eða 15-18 ára í bæklingnum finnið þið tilbúinn merkimiða. Klippið miðann út, hakið við aldursflokk og límið ofan á skókassann. Henti kassinn báðum kynjum má merkja hann þess efnis
3. Setjið 500 - 1.000 kr. í umslag og leggið efst í kassann. Peningurinn er fyrir kostnaði sem fylgir verkefninu. Ef einhver peningur verður afgangs þegar búið er að greiða allan kostnað, þá verður hann nýttur að öllu leyti til góðgerðamála í Úkraínu.
4. Lokið kassanum með því að setja teygju utan um hann.